

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið  
Jóhann Guðmundsson  
Ásta Einarsdóttir  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2015

**Efni: Reglugerð um eldi vatnafiska og nytjastofna sjávar.  
Athugasemdir frá Landssambandi veiðifélaga.**

Landssamband veiðifélaga hefur fengið til umsagnar drög að reglugerð um eldi vatnafiska og nytjastofna sjávar og lýsir ánægju sinni með að fá tækifæri til þess að koma nokkrum atriðum á framfæri til frekari áherslu. Jafnframt teljum við að fyrirliggjandi drög að reglugerð endurspegli vilja löggjafans sem fram kemur í meirihlutaáliti atvinnuveganefndar Alþingis við lögfestingu breytingar á lögum nr. 71/2008 á vordögum 2014.

Landssambandið veiðifélaga telur þó nauðsynlegt að gerðar verði þær breytingar á drögunum sem fram koma í meðfylgjandi athugasemdum. Athugasemdir LV miða fyrst og fremst að því að gera fyrirmæli reglugerðarinnar skýrari með hliðsjóna af norska staðlinum NS:9415:2009, sem skylt er að leggja til grundvallar. Þá eru einnig gerðar efnislegar tillögur um breytingar og athugasemdir við einstakar greinar.

Virðingarfyllst  
fh.  
Landssambands veiðifélaga

---

Jón Helgi Björnsson,  
formaður

PS.  
Undirritað skjal verður sent í pósti.  
JHB

**Tillögur LV eru eftirfarandi:      **Leiðrétt skjal 16. sept. 2015 sbr. rautt****

**Gildissvið og skilgreiningar**

Um 2. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 2. gr. verði:

Með tilvísun til NS:9415:2009 er átt við norska staðalinn NS:9415:2009 (Flytende oppdrettanleg) eins og hann er uppfærður hverju sinni eða aðra alþjóðlega staðla sem viðurkennt er að eru sambærilegir eða strangari.

Við 3. mgr. bætist: og hefur hlotið viðurkenningu til að vottunar á grundvelli NS:9415:2009

Um 3. grein.

Til viðbótar orðskýringum komi: *Staðarúttekt*: Staðbundnar rannsóknir á umhverfispáttum sem uppfylla kröfu norska staðalsins NS: 9415:2009.

## **2. Afmörkun og hvíld eldissvæða**

Hér til viðbótar komi ný grein nr. 7 svohljóðandi:

7. gr.

*Fjarlægðarmörk við náttúrulega laxastofna*

Aðeins má leyfa eldi á geldum stofni laxfiska ef fjarlægð frá eldissvæði er 100 km eða minna að veiðivatni eða fiskihverfi með 200 laxa meðalveiði eða meira.

## **4. Rekstrarleyfi**

Um 12. gr.

Lagt er til að á eftir 14. lið komi svohljóðandi nýr liður nr 15: Staðarúttekt sbr. 14. gr. Tölusetning annara liða taki tilvarandi breytingu.

Ný 14. gr. (áður 21. gr.) verði með svofelldum breytingum:

14. gr.

*Staðarúttekt.*

Með umsókn um rekstrarleyfi fylgi staðarúttekt sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í NS:9415:2009 til slíkra úttekta. Við stækkun legustæða skal uppfæra gerða staðarúttekt þannig að hún gildi einnig fyrir hið stækkaða legustæði.

Staðarúttekt skal framkvæmd af faggildri skoðunarstofu. Faggildu stoðunarstofunni er heimilt að nota fyrirliggjandi gögn við úttektina ef hún hefur yfirfarið þau og staðfest að gögnin eru sambærileg og þær kröfur sem gerðar eru í NS:9415:2009.

Staðarúttekt skal skrá í staðarúttektarskýrslu í samræmi við NS:4519:2009 og skal skýrslan vera aðgengileg fyrir Matvælastofnun á þeirri sjókvíaeldisstöð sem hún gildir um og skal hún liggja fyrir áður en sótt er um rekstrarleyfi til Matvælastofnunar.

Um 14. gr.

Við þessa grein gerir LV þá athugasemd að mikilvægt er að rekstrarleyfi taki einungis til þeirrar tegundar eldisfiskjar sem leyfið tekur til. Gerð er sérstök athugasemd við að framkvæmdaaðilar geti tilkynnt framkvæmd sem lýtur að því að ala t.d. lax eða bleikju að því heildarmagni sem rekstrarleyfið

tekur til. Telur LV að breytingar á eldistegundum kalli á endurskoðun á rekstrarleyfi hverju sinni. Þá er lagt til að með umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis fylgi vottorð útgefnu af faggiltri skoðunarstofu um að eldisbúnaður uppfylli fyrirhugaðar reglugerðar í hvívetna.

Um 16. gr.

Við greinina bætist: Frestur til úrbóta getur þó aldrei orðið meiri en 60 dagar

Um 17. gr.

Þær breytingar verði að í stað þess að Matvælastofnun sé heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær osfrv. komi Matvælastofnun skal afturkalla rekstrarleyfi, ef ekki er ráðin bóta á osfrv.

Um 19. gr.

Til viðbótar komi: Matvælastofnun skal ma.a líta til þess við meðferð máls hvort leyfishafi sem leitar samþykkis fyrir framsali hefur hafið framkvæmdir til undirbúnings framleiðslu á grundvelli rekstrarleyfis sem fyrirhugað er að framselja.

#### **5. Kröfur um staðsetningu og búnað ofl.**

Um 21. gr.

21. gr. falli brott og verði 14. gr. Rök fyrir þeirri breytingu eru að mikilvægt er að staðarúttekt liggja fyrir við umhverismat áætlana.

Um 23. gr.

**4. mgr.** breytist svo:

Vottun faggildrar skoðunarstofu um framangreint skal leyfishafi senda Matvælastofnun og skal hún liggja fyrir áður en rekstrarleyfi Matvælastofnunar tekur gildi.

Um 25. gr.

Til viðbótar við liði undir „Við útgáfu stöðvarskírteinis“ komi nýr a. liður svohljóðandi:

Vottorð faggiltrar skoðunarstofu um að hönnun sjókvíaeldisstöðvar uppfylli kröfur NS:9415:2009

Um 31. gr.

Heiti greinarinnar verði: Eftirlit og viðgerðir á búnaði og netpokum.

Upphafsgreinin hljóði svo:

31. gr.

*Eftirlit og viðgerðir á eldisbúnaði netpokum.*

Rekstrarleyfishafi skal við eftirlit og viðgerðir á eldisbúnaði og netpokum einungis skipta við verkstæði sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru í NS:9415:2009. Faggild skoðunarstofa skal votta að

viðgerðaraðili uppfylli skilyrði þar um. Eftirlitið skal fara fram í samræmi við kröfur sem NS:9415: gerir um framkvæmd og tíðni eftirlits s.s. um venjubundið eftirlit, viððhaldseftirlit og meginástandsskoðum fiskeldismannvirkja.

d liður verði: Einkennisnúmer meginhluta, íhlutar eða netpoka

Netpokinn verði netpoki í lokamgr.

Um 40. gr.

Brott falli úr greininni: Matvælastofnun getur veitt rekstrarleyfishafa unanþágu til að flytja eldistegundir osfrv.

Til viðbótar við greinina komi eftirfarandi mgr:

Óheimilt er að flytja notaðan eldisbúnað milli eldissvæða nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

## **9. Rannsóknir**

Um 49. gr:

Brott falli úr greininni: Ekki er skylt að auðkenna eldislax þegar notast er við geldstofna

## **13. Gildistaka ofl.**

Um ákvæði til bráðabirgða vegna eldri búnaðar sjókvíaeldisstöðva fyrir eldi laxfiska

Liður V. verði 1. janúar 2017.

Liður VI. verði 1. janúar 2018.

Liður VII. verði 1 janúar 2017.

## **Viðauki I**

*Dagbók.*

Eldisdýr verði eldisfiskur

Til viðbótar komi nýr liður nr. 9.

9. Verulegt frávik á útsettu magni eldisfiskjar í eldiskví sjókvíaeldisstöðvar og því magni sem fjarlægt er úr sömu eldiskví sbr. lið 4. og lið 7 a.

## **Viðauki 2**

a.liður verði:

a. Útsetning; tegund, fjöldi og árgangur í hverri eldiskví.

### **Viðauki 3**

4. mgr. byrji svo: Halda skal þjálfunarskrá os.frv.

Ný svohljóðandi mgr. bætist við viðauka 3

Matvælastofnun skal a.m.k. árlega, kanna hvort rekstrarleyfishafi hefur uppfyllt öll fyrirmæli og skilyrði sem fram koma í viðauka 3.